# Héraðsskjalasafn Árnesinga bs.

## Ársreikningur 2025

Héraðsskjalasafn Árnesinga bs.
Austurvegi 2
800 Selfoss

Kt. 630189-2849

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og áritun stjórnar og safnstjóra.......... 3

Áritun óháðs endurskoðanda .......... 4

Rekstrarreikningur.......... 6

Efnahagsreikningur.......... 7

Sjóðstreymisyfirlit.......... 8

Skýringar.......... 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og safnstjóra

Héraðsskjalasafn Árnesinga bs. var stofnað árið 1985. Umdæmi þess og rekstraraðilar eru Sveitarfélagið Árborg, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Sveitarfélagið Ölfus.

Á árinu 2025 varð breyting á rekstrarformi Héraðsskjalasafnsins með tilkomu nýrra samþykkta, og er safnið orðið byggðasamlag sveitarfélaga í samræmi við 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og ber heitið Héraðsskjalasafn Árnesinga bs. Héraðsskjalasafn Árnesinga bs. er byggðasamlag sem hefur það hlutverk að annast sameiginlega vörslu skjala og annarra gagna í umboði aðildarsveitarfélaganna í samræmi við starfsleyfi. Aðildarsveitarfélögin eru Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus.

Héraðsskjalasafn Árnesinga bs. ber að varðveita skjöl sveitarfélaga sýslunnar, en sveitarfélögum og undirstofnunum þeirra ber skylda til að afhenda safninu skjalasöfn sín. Skjalasafnið hefur eftirlitsskyldu gagnvart sveitarfélögunum. Þá ber skjalasafninu að varðveita og efla þekkingu á sögu Árnessýslu.

Á árinu voru greiddar 35,0 millj. kr. í laun auk 8,8 millj. kr. í launatengd gjöld. Fimm starfsmenn unnu á safninu á árinu í 3,3 stöðugildum.

Hagnaður var á rekstri safnsins á árinu 2025 að fjárhæð 21,0 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé safnsins nam 83,8 millj. kr. í árslok 2025 samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er í skýringu nr. 5 varðandi ráðstöfun á rekstrarniðurstöðu.

Stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga staðfestir hér með ársreikning safnsins fyrir árið 2025 með undirskrift sinni.

Selfossi, 12. mars 2026.

Stjórn:

Brynhildur Jónsdóttir

Gestur Þór Kristjánsson

Jón Bjarnason

Safnstjóri:

Þorsteinn Tryggvi Másson

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundir 12. mars 2026 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Héraðsskjalasafns Árnesinga fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Héraðsskjalasafns Árnesinga 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð Héraðsskjalasafni Árnesinga í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og safnstjóra á ársreikningnum

Stjórn og safnstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og safnstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi Héraðsskjalasafns Árnesinga og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa Héraðsskjalasafn Árnesinga upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og safnstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:**

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og safnstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi Héraðsskjalsafns Árnesinga. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Selfossi, 12. mars 2026.

***KPMG ehf.***

Friðrik Einarsson

# Rekstrarreikningur árið 2025

| | Skýr. | 2025 | Fjárhags-<br>áætlun 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Héraðsnefnd Árnesinga, framlag ........................................ | | 62.750.000 | 52.250.000 | 52.250.000 |
| Sveitarfélagið Árborg, styrkur ............................................ | | 1.750.000 | 1.750.000 | 1.750.000 |
| Aðrar tekjur ........................................................................ | 8 | 18.761.213 | 15.550.000 | 29.612.347 |
| | | 83.261.213 | 69.550.000 | 83.612.347 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld .................................................. | 9 | 44.286.683 | 53.093.918 | 40.047.849 |
| Annar rekstrarkostnaður ..................................................... | 10 | 18.903.493 | 15.195.000 | 28.899.419 |
| Afskriftir ............................................................................ | 4 | 775.724 | 364.170 | 364.170 |
| | | 63.965.900 | 68.653.088 | 69.311.438 |
| Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .................. | | 19.295.313 | 896.912 | 14.300.909 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur .................................................. | | 2.367.045 | 0 | 2.116.753 |
| Vaxtagjöld .......................................................................... | | ( 629.303) | 0 | ( 749.687) |
| | | 1.737.742 | 0 | 1.367.066 |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** ............................................... | 6 | 21.033.055 | 896.912 | 15.667.975 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Fasteign | 4 | 8.438.416 | 8.802.586 |
| Áhöld og tæki | 4 | 13.913.529 | 143.574 |
| Fyrirframgreiðsla | 3,10 | 5.352.362 | 5.633.663 |
| Fastafjármunir samtals | | 27.704.307 | 14.579.823 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skammtímakröfur | | 12.149.363 | 11.143.038 |
| Fyrirframgreiðsla | 3,5 | 281.301 | 281.301 |
| Handbært fé | | 60.643.214 | 55.203.099 |
| Veltufjármunir samtals | | 73.073.878 | 66.627.438 |
| **Eignir samtals** | | 100.778.185 | 81.207.261 |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | 6 | 83.754.475 | 62.721.420 |
| Eigið fé samtals | | 83.754.475 | 62.721.420 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 7 | 7.984.084 | 8.617.723 |
| Langtímaskuldir samtals | | 7.984.084 | 8.617.723 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 649.084 | 523.520 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 560.000 | 2.080.000 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 7 | 952.655 | 896.301 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 6.877.887 | 6.368.297 |
| | | 9.039.626 | 9.868.118 |
| Skuldir samtals | | 17.023.710 | 18.485.841 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 100.778.185 | 81.207.261 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 6 | 21.033.055 | 15.667.975 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur ársins | | 339.915 | 459.202 |
| Afskriftir | 4 | 775.724 | 364.170 |
| Veltufé frá rekstri | | 22.148.694 | 16.491.347 |
| Breytingar rekstrartengda eigna og skulda: | | | |
| Langtímakröfur, lækkun | | 281.301 | 281.301 |
| Skammtímakröfur, (hækkun) | | ( 1.006.325) | ( 10.410.007) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | ( 884.846) | 1.138.920 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 1.609.870) | ( 8.989.786) |
| Handbært fé frá rekstri | | 20.538.824 | 7.501.561 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 4 | ( 14.181.509) | 0 |
| | | ( 14.181.509) | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | ( 917.200) | ( 859.878) |
| | | ( 917.200) | ( 859.878) |
| **Breyting á handbæru fé** | | 5.440.115 | 6.641.683 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 55.203.099 | 48.561.416 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 60.643.214 | 55.203.099 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

## 2. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu safnsins eru innréttingar, tæki og búnaður. Til er sérstök eignaskrá yfir þessar eignir sem er hluti af bókhaldsgögnum safnsins.

## 3. Fyrirframgreiðsla til Brúar

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteign | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2025 | 12.138.990 | 1.435.739 | 13.574.729 |
| Keypt á árinu | 0 | 14.181.509 | 14.181.509 |
| Heildarverð 31.12.2025 | 12.138.990 | 15.617.248 | 27.756.238 |
| Afskrifað áður | 3.336.404 | 1.292.165 | 4.628.569 |
| Afskrifað á árinu | 364.170 | 411.554 | 775.724 |
| Afskrifað samtals 31.12.2025 | 3.700.574 | 1.703.719 | 5.404.293 |
| Bókfært verð 31.12.2025 | 8.438.416 | 13.913.529 | 22.351.945 |
| Afskriftahlutföll | 3% | 10-33% | |

Fasteignamat nam 36,2 millj. kr. og brunabótamat nam 33,8 millj. kr. í árslok.

# Skýringar, frh.:

## 5. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2026 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.
Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

| | |
|---|---|
| Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun | 5.914.964 |
| Gjaldfært á árinu | ( 281.301) |
| Staða fyrirframgreiðslu í árslok | 5.633.663 |

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna | 281.301 |
| Langtímahluti fyrirframgreiðslu | 5.352.362 |
| Samtals í efnahagsreikningi | 5.633.663 |

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

| | |
|---|---|
| Framlag í lífeyrisaukasjóð | 5.187.417 |
| Framlag í varúðarsjóð | 446.246 |
| | 5.633.663 |

## 6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | 2025 |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2025 | 62.721.420 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 21.033.055 |
| Staða 31.12.2025 | 83.754.475 |

Hluti af eigin fé skjalasafnsins er arfur að fjárhæð 27,2 millj. kr., sem safnið hefur fengið. Arfurinn er hugsaður til sérverkefna en ekki almennan rekstur.

## 7. Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir greinast þannig:

| | 2025 |
|---|---|
| Verðtryggðar skuldir í ISK | 8.936.739 |
| Næsta árs afborgun | ( 952.655) |
| | 7.984.084 |

Afborganir skulda við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2026 | 952.655 |
| Árið 2027 | 977.296 |
| Árið 2028 | 1.002.573 |
| Árið 2029 | 1.028.505 |
| Árið 2030 | 1.055.108 |
| Síðar | 3.920.602 |
| | 8.936.739 |

# Skýringar, frh.:

| | | 2025 | Fjárhagsáætlun 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|---|
| **8.** | **Aðrar tekjur** | | | |
| | Ríkissjóður Íslands, framlag | 802.083 | 1.000.000 | 1.007.106 |
| | Uppbyggingasjóður Suðurlands | 250.000 | 500.000 | 650.000 |
| | Seld þjónusta | 3.832.750 | 3.000.000 | 13.260.084 |
| | Seldar vörur | 338.130 | 750.000 | 4.274.597 |
| | Ríkissjóður Islands, styrkir | 4.520.000 | 1.800.000 | 1.800.000 |
| | Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita, sérverkefni | 2.500.000 | 2.500.000 | 2.369.010 |
| | Persónuverndarfulltrúi | 6.518.250 | 6.000.000 | 6.251.550 |
| | | 18.761.213 | 15.550.000 | 29.612.347 |
| **9.** | **Laun og launatengd gjöld** | | | |
| | Laun stjórnar | 652.817 | - | 386.182 |
| | Laun starfsmanna | 34.372.425 | - | 31.759.821 |
| | Launatengd gjöld | 8.776.220 | - | 8.094.308 |
| | Breyting á áföllnu orlofi | 485.221 | - | ( 192.462) |
| | | 44.286.683 | 53.093.918 | 40.047.849 |
| **10.** | **Annar rekstrarkostnaður** | | | |
| | ***Húsnæðiskostnaður*** | | | |
| | Húsaleiga | 7.705.916 | 7.000.000 | 6.732.210 |
| | Rafmagn og hiti | 467.854 | 450.000 | 496.810 |
| | Fasteignagjöld | 735.374 | 750.000 | 652.106 |
| | Vátryggingar | 129.788 | 110.000 | 104.293 |
| | Ræsting og hreinlætisvörur | 55.785 | 275.000 | 227.287 |
| | | 9.094.717 | 8.585.000 | 8.212.706 |
| | ***Sameiginlegur kostnaður*** | | | |
| | Síma- og burðargjöld | 831.509 | 630.000 | 703.223 |
| | Ritföng, pappír og prentun | 103.916 | 550.000 | 158.525 |
| | Ritföng, pappír og prentun, til endursölu | 258.243 | 1.000.000 | 5.682.447 |
| | Tölvukaup, búnaður og netþjónusta | 1.748.777 | 1.000.000 | 2.608.744 |
| | Risna og gjafir | 738.006 | 350.000 | 759.193 |
| | Gjaldfærð tæki og áhöld | 532.772 | - | 213.588 |
| | Bókhald, endurskoðun og uppgjör | 1.175.038 | 1.000.000 | 971.668 |
| | Aðkeypt önnur vinna og þjónusta | 1.643.210 | 1.300.000 | 5.035.583 |
| | Kaffistofa | 124.400 | 120.000 | 111.980 |
| | Önnur vörukaup | 102.624 | 160.000 | 17.449 |
| | Öryggisgæsla | 201.333 | 200.000 | 187.089 |
| | Miðlun, kynning og auglýsingar | 15.500 | - | 21.604 |
| | Ferðakostnaður | 411.932 | - | 0 |
| | Akstur | 862.638 | - | 913.419 |
| | Annar kostnaður | 1.058.878 | 300.000 | 3.302.201 |
| | | 9.808.776 | 6.610.000 | 20.686.713 |
| | | 18.903.493 | 15.195.000 | 28.899.419 |